

Úttekt á lesskímunarprófinu *Læsi* í 1. og 2. bekk grunnskóla

Í skólustefnu sem lögð var til grundvallar við gerð nýrra [aðalnámskráa](#), sem gefnar voru út 1999, var markmiðið m.a. að bjóða öllum sex ára börnum að taka lesskímunarpróf til þess að meta líkur á lestrarörðugleikum. Ári síðar var samið við Guðmund B. Kristmundsson og Þóru Kristinsdóttur, dósentu við Kennaraháskóla Íslands, um að styrkja útgáfu á lesskímunarprófum fyrir 1. og 2. bekk grunnskóla sem þau þýddu og staðfærðu að norski fyrirmynd. Um er að ræða þrjú lesskímunarpróf fyrir 1. bekk og tvö fyrir 2. bekk til að nota við að meta stöðu nemenda og í kjölfarið laga kennslu að þörfum þeirra eða vísa þeim til frekari greiningar ef þurfa þykir. Einnig fylgdu leiðbeiningar um fyrirlögn, eyðublöð til að skrá niðurstöður og ítarlegt hugmyndahefti fyrir kennara. Lesskímunarprófin hafa staðið skólum til boða án sérstaks endurgjalds undanfarin þrjú ár og verið lögð fyrir rúmlega 20 þúsund nemendur. [Námsgagnastofnun](#)

var falið að sjá um prentun og útgáfu prófanna.

Úttekt á notagildi lesskímunarprófanna

Síðastliðið haust fól menntamálaráðuneyti skólapróunarsviði Háskólans á Akureyri að gera úttekt á notagildi umræddra lesskímunarprófa og reynslu af notkun þeirra. Markmið úttektarinnar var m.a. að kanna afstöðu kennara til prófanna, hvernig fyrirlögn prófanna væri háttað, hvernig niðurstöður þeirra væru nýttar og kynntar foreldrum. Einnig var leitað svara við því hvort prófin séu líkleg til að finna nemendur með lestrarörðugleika og hver áhrif þeirra eru á kennsluna.

Meginniðurstaða úttektarinnar er að lesskímunarprófið *Læsi* þykir gott tæki til að nota við lesskímun við upphaf grunnskóla. Markmið prófanna er að finna nemendur sem eiga við lestrarörðugleika að stríða þannig að hægt sé að gripa til viðeigandi ráðstafana strax í upphafi

skólagöngu. Höfundar úttektarskýrslunnar telja *Læsi* hafa alla burði til að ná settu markmiði og telja helstu kosti þess vera að prófið sé fjölbreytt og innihaldi prófþætti sem gefi góðar vísbendingar um lestrarerfiðleika. Lesskímunarprófið *Læsi* telst því gott tæki til að nota við lesskímun í grunnskólum.

Í ljósi niðurstöðu úttektarinnar telur ráðuneytið mikilvægt að *Læsi* verði áfram notað í grunnskólum til að unnt verði að halda áfram markvissri lesskímun og lestrarkennslu í samræmi við markmið aðalnámskrár.

Úttektarskýrslan er aðgengileg á vef ráðuneytisins [menntamalaraduneyti.is](#).

Lesskímunarprófið *Læsi*
Skýrsla unnin fyrir Menntamálaráðuneytið

Tölulegar upplýsingar um lífið í leikskólunum

Menntamálaráðuneyti vekur athygli á að Hagstofan hefur nú sent frá sér tölur um börn og starfsfólk í leikskólum í desember 2003 en í gildi er samningur milli menntamálaráðuneytis og Hagstofu Íslands um öflun upplýsinga um tiltekna þætti í starfsemi leikskóla, sbr. V. kafli reglugerðar um starfsemi leikskóla [nr. 225/1995](#).

Þá hefur Hagstofan einnig gefið út annað hefti í efnisflokknum Skólamál þar sem að þessu sinni er fjallað um starfsfólk í leikskólum miðað við desember 2003 og þær tölur bornar saman við fyrri ár.

Í Skólamállum kemur m.a. fram að leikskólabörnum hefur fjölgað um 400 frá síðasta ári og er sú fjölgun einkum bundin við eins árs gömul börn. Viðvera barna í leikskólum er einnig að lengjast skv. þessum nýju tölum, mest er fjölgunin í 9 tíma vistun en nú eru um 32% allra leikskólabarna í vistun í 9 tíma eða lengur á hverjum degi.

Í Hagtíðindum kemur jafnframt fram að í lok síðasta árs störfuðu tæplega 4.700 starfsmenn í 267 leikskólum hér á landi, sem er 5,9% fjölgun frá árinu 2002. Fjölgunin er hlutfallslega mest meðal háskólamenntaðs starfsfólks og fer um 80% nýútskrifaðra leikskólakennara beint

í leikskólakennslu. Þá kemur jafnframt fram að í desember 2003 höfðu 22% starfsmanna sem voru við störf í desember 2002 hætt störfum en starfsmannavelta hefur minnkað árlega frá 1998.

Rúmlega 150 karlar starfa í leikskólum í dag, eða um 3,3% starfsmanna og hefur það hlutfall staðið í stað milli tveggja síðustu ára. Árin þar á undan hafði hlutfall karla meðal starfsfólks leikskóla hækkað á hverju ári, eða tímabilið 1999-2002. Haustið 1999 voru karlar 1,9% starfsmanna leikskóla.

Að lokum má nefna að á árinu 2003 voru að meðaltali 6,3 barngildi á hvert stöðugildi starfsmanns en skv. reglugerð [nr. 225/1995](#) og [nr. 642/2002](#) um starfsemi leikskóla er kveðið á um að átta barngildi megi vera fyrir hvert stöðugildi. Nánari upplýsingar er að finna á vef Hagstofunnar [hagstofa.is](#).

Fornleifasjóður úthlutar fimm milljónum

Fornleifasjóður hefur ákveðið að veita sex aðilum styrki til margvíslegra verkefna, en í ár voru sjóðnum ætlaðar fimm milljónir króna til styrkveitinga. Stjórn sjóðsins ákvað að úthluta aðeins einu sinni á þessu ári og hefur lokið úthlutun:

[Fornleifastofnun Íslands](#) hlaut styrk að upphæð kr. 1.135.000 til fornleifarannsóknna í Kúvíkum í Strandasýslu. Hún fékk einnig kr. 520.000 til uppgraftar í kirkjugarðinum að Hofsstöðum í Mývatnssveit.

[Byggðasafni Skagfirðinga í Glaumbæ](#) var veittur styrkur að upphæð kr. 850.000 til úrvinnslu gagna úr uppgreftri kirkjugarðs og kumlateigs í Keldudal í Skagafirði.

[Hjörleifur Guttormsson](#), Náttúrufræðistofu, Neskaupstað fékk kr. 750.000 styrk til fornleifaskráningar á Hallormsstað.

[Skriðuklaustursrannsóknir](#), [Skriðuklaustri](#) fengu kr. 500.000 til förvörslu gripa frá fornleifarannsókninni á Skriðurklaustri.

Loks fengu [Suðurlandsskógar á Selfossi](#) kr. 800.000 til skráningar fornminja á væntanlegum skógrættarjörðum, Hvammi í Landssveit og Skaftárdal í Skaftártungu.

Fornleifasjóður er stofnaður skv. [24. grein þjóðminjalaga nr. 107/2001](#).

